



---

# ÁRSSKÝRSLA LEIJKÓLANS HÆÐARBÓLS

---

Skólaárið 2019-2020



Garðabær í júní 2020  
Sigurborg Kristjánsdóttir, leiðskólastjóri Hæðabóls



## Samantekt úr ársskýrslu

Hagnýtar upplýsingar um leikskólann Hæðarból. Leikskólinn tók til starfa 1. mars 1991 og er ætlaður börnum frá átján mánaða til sex ára. Að jafnaði stunda fimmtíu og þrjú börn nám við leikskólann, 29 drengir og 24 stúlkur á þremur deildum sem eru; Hof, ætluð börnum frá átján mánaða aldri og Hlíð og Holt ætlaðar börnum frá þriggja ára aldri.

Leikskólinn er opinn virka daga frá 7:30-17:00 og geta foreldra keypt 4 til 9 klst. Að jafnaði voru útseldir dvalartímar 444 á dag eða tæplega 8,5 dvalarstundir pr. dag á hvert barn.

Leikskólinn er ríkur af vel menntuðu og reynslumiklu fagfólki og uppfyllir ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara. Í byrjun maí voru 20 starfsmenn starfandi við leikskólann í 15,85% stöðugildum.

Sérstaða leikskólastarfsins byggir á kenningum bandaríkska heimspekinsins og sálfræðingsins John Dewey sem sagði að börn lærðu mest á því að byggja ofaná fyrri reynslu sína, „læra með því að gera“, og öðlist þannig menntun, að félagslegar athafnir barnsins væru lykillinn að öllum námsgreinum. Hugmyndir Dewey falla vel að uppbryggingarstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar* (e. restitution). Í þeiri hugmyndafræði er lögð áhersla á jákvæð samskipti, uppbryggilega orðræðu, ábyrgð einstaklingsins á eigin hegðun og möguleika hans á að snúa aftur til hópsins eftir neikvæða hegðun. Grunnstoðir uppbryggingarstefnunnar eru; þörf fyrir að lifa við öryggi, ást og umhyggju og þörf fyrir eigið áhrifavald, gleði og ánægju og að síðustu valfrelsi og sjálfstæði.

Helstu verkefni og nýbreytni í leikskólastarfinu. Til viðbótar við starfsaðferðir okkar í uppeldi til ábyrgðar voru helstu verkefni okkar að hlúa að öllu innra starfi jafnt og þétt. Mesta plássið fékk þróunarverkefnið okkar um nýtingu mannaðsins í vinnustundum með aldursreinum hópum. Þá lögðum við mikla rækt við barnakórinn okkar sem við erum afar stolt af. Ennfremur lögðum við áherslu á að valdefla elstu börnin með það að markmiði að gera þau að aðstoðarmönnum kennara í matsal og mennta þau í greiningu á matnum í ljósi mannelismarkmiða. Að síðustu gerðum við átak í umhverfismálum og rýndum í alla flokkun og matarsóun.

Foreldrasamstarf. Lögð er áhersla á góð dagleg samskipti við foreldra en samskipti í gegnum Karellen eru orðin meiri en áður. Upplýsingamiðlun fer fram í gegnum pósta deildarstjóra til foreldra þar sem sagt er frá því sem á dagana hefur drifið frá síðasta pósti. Tilkynningar um viðburði eru sendir með t-pósti og settir á heimasíðuna á viðburðardagatalið. Kynningarfundir eru haldnir á haustin og boðið er upp á skipulögð foreldravíðtöl tvívar yfir árið að undanskildum viðtölum við yngstu börnin sem fá upphafsviðtal. Foreldraráð og foreldrafélag var starfandi við skólann og studdi bæði ráðið og félagið dyggilega við skólastarfið.

Sérfræðibjónusta. Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hver og eins barns svo það fái notið leikskóladvalar sinnar. Taka þarf sérstakt tillit til barns sem glímir við tilfinninga- og/eða félagslegra erfiðleika. Á síðasta starfsári nutu sautján börn sérkennslu og fékk leikskólinn úthlutað tveimur og hálfu stöðugildi til þess að til móts við börn sem glíma slíka erfiðleika.

Niðurstöður mats. Hér er vísað til til úttektar Menntamálastofnunar þar sem fram kemur að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, starfsmannakönnunar Skólapúlsins þar sem flestir þættir voru marktækt fyrir ofan niðurstöður annarra leikskóla miðað við 90% öryggismörk.



## Efnisyfirlit

Samantekt úr ársskýrslu.....	2
Formáli.....	6
Inngangur.....	6
Mat á innra starfið .....	6
Gagnaöflun .....	6
Ytra mat menntamálastofnunar .....	7
Starfsmannaviðtöl.....	7
Starfsmannakönnun Skólapúlsins.....	8
Starfið.....	8
Starfsmenn.....	8
Vinnustaðurinn .....	8
Stjórnun .....	8
Uppeldi og menntun.....	9
Símenntun og undirbúnungstími .....	9
Viðtöl við leikskólabörnin .....	9
Starfsáætlun síðasta árs.....	10
Matsáætlun.....	13
Símenntunaráætlun.....	13
Fundir verkefnisstjóra þróunarverkefnisins.....	13
Stjórnendafundir.....	13
Deildarfundir.....	14
Aðrir samráðsfundir.....	14
Nýbreytni og þróunarverkefni .....	14
Mannauður leikskólans.....	15
Starfsþróun kennara .....	15
Barnahópurinn.....	16
Sérkennsla/ stoðþjónusta .....	17
Foreldrasamstarf .....	17
Fyrsta viðtal.....	17
Foreldraviðtöl .....	17
Kynningarfundir .....	18
Foreldrakannanir .....	18
Viðburðir .....	18

Öryggismál .....	20
Slys .....	20
Eldvarnareftirlit .....	20
Slökkviliðið .....	20
Klemmuvarnir .....	20
Garðurinn .....	20
Húsnæðið .....	21
Viðhald sem óskað var eftir og viðhald sem er á döfunni .....	21
Lokaorð .....	22

## Formáli

Árskýrsla þessi gerir grein fyrir mati á innra starfi leískólans skólaárið 2019 til 2020, þeim gagnaöflunarleiðum sem farnar voru til að meta starfið og hvernig unnið var úr gögnunum. Þá er gerð stutt grein fyrir mati á starfsskýrslu, nýbreytni- og þróunarverkefnum og framgangi þeirra sem og samsetningu barnahópsins og mannaði sem leískólinn bjó yfir. Sömuleiðis er gerð grein fyrir því hvernig staðið var að stoðþjónustu, samstarfi við foreldra, starfsþróun kennara, samráðsfundum, öryggismálum og öðru er varðar húsnæði og viðhaldi skólahúsnæðisins.

Símat á starfsáætlun var í gangi þar til stjórnvöld settu takmarkanir á skólastarf 17. mars og má því segja að það hafi orðið ákveðið rof í starfi og þar með starfsáætlun í lok starfsársins vegna þess.

## Inngangur

Samkvæmt lögum um leískóla nr. 90/2008 ber leískólastjóra að gefa út sérstaka árskýrslu þar sem gerð er grein fyrir mati á skólastarfi liðins starfsárs og á að byggja á skólanámskrá og starfsáætlun. Þá kemur líka fram í lögunum að hver leískóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga um leískóla með virkri þáttöku starfsmanna, barna og forelda eftir því sem við á. Ennfremur kveða lögin á um að leískólinn birti opinberlega upplýsingar um innramat, tengsl þess við skólanámskrá og umbætur.

## Mat á innra starfið

Á grundvelli laga um leískóla ber leískóla að meta starfið með kerfisbundnum hætti. Að jafnaði er stuðst við fjölbreyttar leiðir í mati og reynt að leitast við að fá fram sjónarmið sem flestra í skólasamfélaginu. Við urðum mjög heppin þegar Menntamálastofnu lagði mat á alla þætti leískólastarfsins sem og stjórnun hans og komu foreldrar, starfsmenn, börn og stjórnsýslan að því mati. Því má fullyrða hér að matið hafi verið fjölbreytt. Hins vegar var tekin meðvituð ákvörðun að gera ekki matsáætlun á sl. ári með þá vitneskju í farteskinu að ytri úttekt yrði gerð á skólastarfinu í byrjun nóvember. Matið byggir einnig á niðurstöðum starfsmannakönnunar Skólapúlsins, viðhorfskönnun meðal barna á haustönn, matsfundum á skipulagsdegi, stjórnendafundum, foreldraviðtölum og annarra gagna.

## Gagnaöflun

Gagnaöflun fór fram í raun allt starfsárið í margskonar formi þar sem símat var í gangi og stöðugt var verið að kanna hvort við værum á réttri leið og varða nýjar leiðir þegar áætlanir gengu ekki eftir vegna aðstæðna. Gögnin sem grundvallar matið á innrastarfi var sótt í:

- niðurstöður ytra mats Menntamálastofnunar
- starfsmannaviðtöl sem leískólastjóri tók við starfsmenn á vorönn
- niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins vor 2020
- mat á framgangi símenntunaráætlunar
- viðtöl við börnin í tveimur elstu árgöngunum á hausönn
- foreldraviðtöl sem tekin voru við foreldra í október 2019 og maí 2020
- rýnihópsviðtöl með stjórnendum
- matsfundur á starfsáætlun með þáttöku allra starfsmanna þriðjudaginn 26. maí

## Ytra mat menntamálastofnunar

Í lokaorðum í ytra mati Menntamálastofnunar segir að í leikskólanum fari fram metnaðarfullt leikskólastarf, stefna leikskólans með áherslu á *Uppeldi til ábyrgðar* birtist vel í starfinu. Fagleg stjórnun leikskólans er góð og hann er vel mannaður kennurum og öðru fagfólk. Til fyrirmynnar er hvernig hvatt er til og veitt svigrúm fyrir þróunarstarf og hvernig lítið er til mannauðs við skipulag faglegs starfs. Starfsandi er góður, gleði og virðing ríkir og starfsfólk er hrósað fyrir vel unnin störf. Ákvarðanataka einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum. Lögð er áhersla á að líta á leikskólann sem eina heild og nám og kennsla skipulögð með það að leiðarljósi að börnin á eldri deildum blandist í vinnustundum. Í frjálsa leiknum hafa börnin einnig val um að fara á milli deilda. Börnunum líður vel í leikskólanum og að mati foreldra felst styrkur leikskólans meðal annars í stöðuguleika, fagmennsku og metnaði starfsfólks. Vel er haldið utan um vinnu með sérkennslubörn og stuðningur við starfsfólk sem sinnir sérkennslu. Vel er staðið að mati í leikskólanum og til fyrirmynnar er þátttaka barna í matinu og hvernig leitað er eftir hugmyndum foreldra um leiðir til umbóta. Tækifæri til umbóta felast helst í því að leiða til að bæta aðstöðu barna og starfsmanna í Hæðarbóli og gera lagfæringar á útileiksvæði.



Rannsóknarvinna í náttúrvísindum

## Starfsmannaviðtöl

Allflest starfsmannaviðtölin fórum fram í febrúar en vegna Covid19 náðist ekki að taka öll viðtölin eða áður en könnun Skólapúlsins var gerð en þar kom fram að tveir starfsmenn höfðu ekki farið í viðtal á síðustu tólf mánuðum. Viðtölin byggðu á viðtalsramma sem leikskólastjóri bað starfsfólk um að svara skriflega og voru svörin stoðirnar í viðtolunum. Meðal umræðuefnis var; starfsandinn, samstarf og samskipti í leikskólanum og á deild. Starfsánægja, styrkleikar og hæfileikar í starfi og hvort og hvernig væri hægt að nýta hæfileikana betur. Almenn líðan í starfi, markmið í starfi, óskir um endurmenntun, upplýsingaflæði innan og utan deilda og í leikskólanum.

Starfsaðstaða og aðbúnaður og að lokum var kallað eftir öðrum þáttum sem starfsmenn vildu koma á framfæri.



Hjóladagur á vorönn 2020

Niðurstöðurnar úr starfsmannaviðtolunum voru afar jákvæð og heilt yfir voru allir ánægðir að vinna á Hæðarbóli og voru stoltir af vinnustaðnum sínum. Hins vegar kom sterkt fram hversu léleg starfsaðstaðan væri og að hún væri hindrun í starfi með börnunum. Þrengslin væru mikil og það sé erfitt að búa við það að hafa aðeins eitt lítið hverbergi sem væri fjölnotaherbergi. Umrætt herbergi er notað sem; bókasafn, vinnuherbergi, fundarherbergi fyrir fjölbreytta fundi eins og stjórnendafundi, sérfræðingafundi, foreldraviðtöl og minni foreldrafundi og svo lengi má telja. Umræður hafa átt sér stað að flytja eitthvað af fundunum út fyrir leikskólann.

## Starfsmannakönnun Skólapúlsins

Starfsmannakönnun fór fram í mars og svöruðu 89% starfsmanna könnuninni. Könnunin tók yfir tuttugu almennra þáttu þar sem meðal annars var spurt um; vinnuálag og áskoranir í starfi, starfsandann, stuðning frá samstarfsfólki og yfirmanni og hvort forystan væri sanngjörn og valdeflandi. Sömuleiðis var spurt um samstarf í leikskólanum, um virka samræður um starfi, aðgengi að sérfræðingum utan skólans, undirbúningstíma, þátttaka í þróunarstarfi, símenntun o.fl. Að síðustu stóð til boða að skrifa athugasemdir. Niðurstöður voru kynntar á skipulagsdegi 26. maí.

Niðurstöðurnar voru afar uppbýggilegar. Að jafnaði var marktækur munur á niðurstöðunum þegar þær eru bornar saman við landið og við fyrri kannanir sem gerðar hafa verið í leikskólanum: Niðurstöðurnar tóna fullkomlega við niðurstöður starfmannaviðtalanna sem og þess sem kom fram í rýnihópsviðtolum starfsmanna í ytri úttekt Menntamálastofnunarinnar. Í tölfunni hér fyrir neðan og á næstu síðu kemur fram yfirlit yfir þátttina og niðurstöður sem mældir voru. Sem viðmiðunarregla er meðatalsmunur upp á 0,5 stig ekki mikill munur en munur uppá 1,0 stig telst tölvuverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

### Starfið

Matsþættir	Niðurstaða á Hæðarbóli	Landið
Vinnuálag	4,6	4,8
Skýrleiki hlutverka	6,6	5,3
Ágreiningur um hlutverk	4,0	4,7
Jákvæðar áskoranir í starfi	6,5	5,2

### Starfsmenn

Matsþættir	Niðurstaða á Hæðarbóli	Landið
Leikni í starfi	6,0	5,0
Skuldbinding til vinnustaðarins	6,6	5,3
Skörun vinnu og einkalífs	3,9	4,6

### Vinnustaðurinn

Matsþættir	Niðurstaða á Hæðarbóli	Landið
Starfsandi	6,9	5,2
Stuðningur frá samstarfsfólki	6,1	5,4
Stuðningur við nýsköpun	7,4	5,2
Mismunun	4,0	4,9
Einelti	0%	4,1%
Einelti (séð 2 eða fleiri lagðir í einelti)	0%	5%

### Stjórnun

Matsþættir	Niðurstaða á Hæðarbóli	Landið
Stuðningur frá næsta yfirmanni	6,4	5,4
Sanngjörn forysta	6,0	5,2
Valdeflandi forysta	6,5	5,7
Ræktun mannaúðs	7,4	5,6

## Uppeldi og menntun

Matsþættir	Niðurstaða á Hæðarbóli	Landið
Trú á eigin getu við uppeldi og menntun	6,4	5,0
Trú á eigin getur við daglegt skipulag	6,0	5,0
Trú á eigin getur við að tryggja jöfnuð	6,7	5,4
Samstarf í leikskólanum	6,8	5,0
Virkar samræður um starfið	6,4	5,0
Virkni foreldra í leikskólastarfínu	6,8	5,0
Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans	100%	77,9%
Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir	100%	83,8%
Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir	92,9%	78,9%

## Símenntun og undirbúningstími

Matsþættir	Niðurstaða á Hæðarbóli	Landið
Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma	100%	91,55
Hlutfall starfsmanna sem fær nægjan undirbúningstíma	69,2%	62,3%
Pátttaka í þróunarstarfi	92,3%	44,7%
Starfsþróunarsamtal á sl. 12 mánuðum	85,7%	52,1%
Símenntunarþörf starfsfólks	4,2	5,0
Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár	53,8%	55,1%
Hindranir í símenntun starfsfólks	57,1%	49,2%

## Viðtöl við leikskólabörnin

Aðstoðarleikskólastjóri tók viðtöl við tvo elstu árganga leikskólans í nóvember og desember. Börnin voru spurð hvernig það væri að vera í vinnustundum hjá sérgreinakennurum. Börnin þurftu að rökstyðja svör sín með því að nefna dæmi um það sem væri skemmtilegt eða leiðinlegt og voru svör þeirra skrásett. Heilt yfir lýstu öll börnin yfir ánægju með vinnustundirnar.

Þau voru líka spurð hvort þau væru að læra eitthvað í leikskólanum og flest sögðust læra að vera vinur. Auk þess sögðust þau læra að syngja lög, þekkja bókstafi, lesa, föndra, spila, vera stillt og fara eftir reglum. Þegar þau voru spurð út í reglurnar í leikskólanum sögðust þau að það væri bannað að meiða, stríða og lemja. Þau ættu að vera vinir og það megi ekki skilja útundan. Þá má ekki opna hliðið eða klifra yfir girðinguna.



Lækurinn rannsakaður vorönn 2020

Sömuleiðist sögðu þau að það væri bannað að hlaupa inn og riðjast. Líka væri bannað að fara inn í eldhús, kennaraherbergið eða til Boggu og þau eigi að tala venjulega inni í matsal og klára að kyngja matnum áður en þau fá sér aftur á diskinn. Þá ættu þau að þvo sér um hendur eftir salernisferðir. Tæplega helmingur barnanna sögðust ekki ráða því hvort þau léku sér inni eða úti en flest börnin sögðu að það væri gaman að vera í leikskóla og enginn svaraði því til að það væri leiðinlegt. Niðurstöðurnar voru kynntar á skipulagsdegi í febrúar og í framhaldi voru þær sendar í t-pósti til allra foreldra og settar á heimasíður leikskólans. Það var ánægjulegt hve börnin voru jákvæð og ánægð með vinnustundirnar og að stunda nám í leikskólanum og tónaði niðurstöðurnar vel við það sem fram kom í rýnihópi barna og foreldra í ytri úttekt Menntamálastofnunar og í foreldraviðtölunum sem tekin voru í vor.

### Starfsáætlun síðasta árs

Á skipulagsdegi 26. maí var starfsáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 tekin til umræðu og lagt mat á framgang verkefna. Hér í töflunni á næstu síðum má sjá niðurstöðurnar

Matsþáttur starfsáætlunar	Verkefnið fór ekki af stað	Verkefnið hafið og komið vel á veg 75% árangur	Verkefnið komið í fastar skorður í starfsháttum leikskólans 100% árangur	Athugasemdir
Söngbók birt á heimasíðu leikskólans			X	Söngbókin er á vefsíðu leikskólans
Viðburðardagatal sent í t-pósti til foreldra á haus- og vorönn			X	Ekki var gerð ánægjukönnun á þjónustunni meðal foreldra
Viðburðir leikskólans sendir til foreldra sem fundaraboð			X	Ekki var gerð ánægjukönnun á þjónustunni meðal foreldra
Flettiskjáir settir upp í fataherbergi deilda til að upplýsa foreldra um skólastarfið	X			
Betra aðgengi að deildarstjórum í lok dagsins			X	Deildarstjórar vinna 1x í viku til kl. 17.00 og þar með hafa foreldrar aðgang að þeim. Ekki var gerð ánægjukönnun á þjónustunni meðal foreldra
Fastir viðtalstímar deildarstjóra			X	Deildarstjórar settu inn á vefsíðu leikskólans og auglýstu fasta viðtalstíma. Ekki var gerð ánægjukönnun á þjónustunni meðal foreldra
TRAS-og námsskráningar notaðar sem stoðir í foreldraviðtölum		X		Eingöngu var stuðst við Trasskáningar í foreldraviðtölum Vegna Covid voru námsöguskráningar ekki gerðar á vorönn
Aðstaða til að geyma skiptifatnað og útifatnað barnanna í leikskólanum			X	Keyptir voru kassar undir skiptifatnað og boðið er upp á að skilja eftir þurran útifatnað í fataherbergjum. Ekki var gerð ánægjukönnun á þjónustunni meðal foreldra
Aðstaða til að þurkfa fatnað barnanna	X			Verkefnið fór ekki af stað þar sem ekki fannst staður til þess að staðsetja þurrrskápa. Hins vegar í ytri úttekt MMS voru gerðar athugasemdir við aðstæðurnar

Matsþáttur starfsáætlunar	Verkefnið fór ekki af stað	Verkefnið hafið og komið vel á veg 75% árangur	Verkefnið komið í fastar skorður í starfsháttum leikskólans 100% árangur	Athugasemdir
Valdefling aðstoðarmanna (barna) í matsal		X		Valdefling gekk eftir eða þar til tilmæli frá sóttvarnarlækni gerðu kröfur um að kennara meðhöndli allan mat en ekki börnin
Vinnustundir í náttúruvísindum			X	Vinnustundirnar gengu vel. Í foreldraviðtölum kom fram ánægja með vinnustundirnar og allt starfið í leikskólanum. Í ytra mati MMS var þess getið að vinnustundirnar væru til fyrirmynadar og í viðtölum við börnin í desember lýstu þau yfir ánægju með stundirnar
Núvitundarstundir með elstu börnunum	X			Vegna aðstæðna fór verkefnið ekki af stað
Íþróttir/ hreyfing			X	Vikulega var farið í íþróttasalinn í Mýrinni með two elstu árgangana. Nemar á íþróttabraut FG sáu um kennsluna. Sömuleiðis komu FG nemendur og kenndu þriðja elsta hópnum íþróttir, ýmist úti eða inn frá nóvember og út janúar. Mikil ánægja var með samstarfið og voru börnin afar ánægð í tímunum. Hins vegar urðu færri íþróttatímar eftir áramótin en áætlanir gerðu ráð fyrir vegna fjarveru íþróttakennara leikskólans.
Vinnustundir í bernskulæsi			X	Vinnustundirnar gengu vel. Í foreldraviðtölum kom fram ánægja með vinnustundirnar og allt starfið í leikskólanum. Í ytra mati MMS var þess getið að vinnustundirnar væru til fyrirmynadar og í viðtölum við börnin í desember lýstu þau yfir ánægju með stundirnar
Umhverfisvitund/ flokkun innan leikskólans eflđ		X		Verkefnið fór vel af stað og nú er flokkað mun meira en áður var gert. Komin er brún tunna fyrir lífrænan úrgang en betur má ef duga skal
Stærðfræðistundir yngstu barnanna			X+	Vinnustundirnar gengu vel. Í foreldraviðtölum kom fram ánægja með vinnustundirnar og allt starfið í leikskólanum. Í ytra mati MMS var þess getið að vinnustundirnar væru til fyrirmynadar og í viðtölum við börnin í desember lýstu þau yfir ánægju með stundirnar
Vinnustundir í stærðfræði og rúmskynjun			X	Vinnustundirnar gengu vel. Í foreldraviðtölum kom fram ánægja með vinnustundirnar og allt starfið í leikskólanum. Í ytra mati MMS var þess getið að vinnustundirnar væru til fyrirmynadar og í viðtölum við börnin í desember lýstu þau yfir ánægju með stundirnar

Matsþáttur starfsáætlunar	Verkefnið fór ekki af stað	Verkefnið hafið og komið vel á veg 75% árangur	Verkefnið komið í fastar skorður í starfsháttum leikskólans 100% árangur	Athugasemdir
Vinnustundir í skapandi starfi			X	Vinnustundirnar gengu vel. Í foreldraviðtölum kom fram ánægja með vinnustundirnar og allt starfið í leikskólanum. Í ytra mati MMS var þess getið að vinnustundirnar væru til fyrirmynadar og í viðtölum við börnin í desember lýstu þau yfir ánægju með stundirnar
Vinnustundir í lífsleikni			X	Vinnustundirnar gengu vel. Í foreldraviðtölum kom fram ánægja með vinnustundirnar og allt starfið í leikskólanum. Í ytra mati MMS var þess getið að vinnustundirnar væru til fyrirmynadar og í viðtölum við börnin í desember lýstu þau yfir ánægju með stundirnar
Vinnustundir í tónmennt			X	Vinnustundirnar gengu vel. Í foreldraviðtölum kom fram ánægja með vinnustundirnar og allt starfið í leikskólanum. Í ytra mati MMS var þess getið að vinnustundirnar væru til fyrirmynadar og í viðtölum við börnin í desember lýstu þau yfir ánægju með stundirnar
Vinnustundir í spilum			X	Vinnustundirnar gengu vel. Í foreldraviðtölum kom fram ánægja með vinnustundirnar og allt starfið í leikskólanum. Í ytra mati MMS var þess getið að vinnustundirnar væru til fyrirmynadar og í viðtölum við börnin í desember lýstu þau yfir ánægju með stundirnar
Hreyfistundir yngstu barnanna			X	Vinnustundirnar gengu vel. Í foreldraviðtölum kom fram ánægja með vinnustundirnar og allt starfið í leikskólanum. Í ytra mati MMS var þess getið að vinnustundirnar væru til fyrirmynadar og í viðtölum við börnin í desember lýstu þau yfir ánægju með stundirnar
Spilastundir yngstu barnanna			X	Vinnustundirnar gengu vel. Í foreldraviðtölum kom fram ánægja með vinnustundirnar og allt starfið í leikskólanum. Í ytra mati MMS var þess getið að vinnustundirnar væru til fyrirmynadar og í viðtölum við börnin í desember lýstu þau yfir ánægju með stundirnar
Endurskoðun skólanámskrár sem tekur til innihalds vinnustunda		X		Endurskoðun er komin vel af stað og klárást í júlí
Starfsánægja kennara og annarra starfsmanna í ljósi gilda og starfsmanna stefnu leikskólans			X	Rýnihópsviðtöl MMS, starfsmannaviðtöl og niðurstöður Skólapúlsins staðfesta starfsánægjuna í ljósi gilda leikskólans sem eru; friðsemd, gleði, kurteisi og virðing

## Matsáætlun

Tekin var ákvörðun að leggja ekki vinnu í matsáætlun á síðasta starfsári þar sem fyrir lá að leikskólinn færí í allsherjarúttekt Menntamálastofnunar. Þegar niðurstöður stofnunarinnar lágu fyrir var farið í það að vinna umbótaáætlun í ljósi niðurstaðna og sammælst var um að allt starfsfólk kæmi að þeirri vinnu meðal annars til þess að tryggja skuldbindingu starfsmannanna við umbótaáætlunina. Í ljósi stærðar leikskólans og samsetningu starfsmannahópsins var það mat stjórnendateymisins að í framtíðinni kæmu allir starfsmenn að gerð allra áætlana í leikskólanum. Með því er tryggt að allir starfmenn eru um borð í sömu skútunni og rói allir í sömu áttina.

## Símenntunaráætlun

Á síðasta ári sammæltist kennarahópurinn um sameiginlega símenntun sem félli að því að styrkja starfs- og kennsluhætti leikskólans og eða þá sjálfa í starfi. Í október fengu kennarar fræðslu í barnaverndunarmálum á starfsmannafundi auk þess sóttu þeir fjölbreytta fræðslu á menntadegi Garðabæjar. Þá var fræðsla um barnaverndarmál og skyldur kennara ef upp kemur grunur um ofbeldi. Á starfsmannafundi í nóvember kom Sigríður Mjöll Björnsdóttir doktorsnemi og sagði frá og kynnti rannsókn sem gerð var í leikskólanum um máltok ungra barna. Á starfsmannafundi í janúar var kynning á öryggishringnum sem fjallar um tengslamyndun ungra barn og foreldra sem ráðgjafi frá Tengslamiðstöðinni stóð fyrir. Í febrúar kom dr. Bryndís Jóna Jónsdóttir til okkar með námskeið í nývitund. Starfsfólkvið fór í vettvangsferð á Smáralund í Hafnarfirði til að kynnast nývitundarkennslu í leikskólastarfi. Listmeðferðarfraðsla og umhverfisfraðsla mun bíða betri tíma en þessir fræðslufyrirlestrar voru á dagskránni en vegna Covid19 urðum við að fresta þeim. Kennarar sóttu líka réttindanámskeið hjá Endurmenntun eins og TRAS, námskeið á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, einn kennari frá okkur fór á Bett til þess að kynnast nýjungum í upplýsingatækni fyrir skólastarf. Fræðsluerindum á vegum leikskólans vörðu í samtals 15 klst. Auk þess voru kennarar frá vinnu vegna símenntunnar í 144 klst. eða sem jafngildir átján vinnudögum. Metnaðarfullur starfsmannahópur vill ávallt meiri símenntun en það kom fram í könnun Skólapúlsins að fleiri hefðu viljað meiri símenntun en aðal Þrándur í götu var kostnaður og fjölskylduástæður.

## Fundir verkefnisstjóra þróunarverkefnisins

Verkefnisstjórar þróunarverkefnisins um þróun leikskólakennslu með áherslu á að nýta sérhæfða fagþekkingu leikskólakennara til kennslu í vinnustundum í samþættu og skapandi leikskólastarfi hittust nokkrum sinnum yfir starfsárið til þess að ræða framgang verkefnisins, samstilla verkferla, samhæfa stundaskrár og varða nýjar leiðir. Verkefnisstjórar töldu fundina gagnlega og skilvirka.

## Stjórnendafundir

Fundir deildarstjóra voru að jafnaði á viku fresti og má segja að þessir fundir hafi einkennst af upplýsingamiðlun, rætt var saman um það sem var á döfinni eða það sem nýliðið var. Markvisst voru þó tekin fyrir atriði í starfsáætluninni eins og almenn líðan barnanna, barnakórinn, gengi foreldraviðtala, deildarfunda, mætingar á foreldrafundi, samstarfið við FG um íþróttakennsluna, ferðir sem voru farnar, foredrakaffi, leiklistarviðburðir, kórferðir o.s.frv. Það sem tekið var úr þessu símati var skráð til þess að nota sem lærðóm til að varða næstu skref og læra af því sem liðið var. Niðurstöður deildarfunda/ rýnihópsiðtala voru skráðar í fundargerð og sendar í t-pósti til allra starfsmanna, foreldraráðs og lagðar fram í setustofu starfsmanna að fundi loknum til þess að tryggja skilvirkta upplýsingaflæði.

## Deildarfundir

Deildarfundir voru settir á 1x í viku á öllum deildum en þeir gengu ekki eftir og koma það meðal annars út í rýnihópsviðtöllum í úttekt menntamálastofnunar að kennara voru ósáttir með það hversu oft þeir felli niður. Því var ákveðið að finna þeim fastari farveg og teljum við okkur vera komin í var með þá.

## Aðrir samráðsfundir

Margskonar samráðsfundir voru haldnir á síðasta ári fyrir utan stjórnenda- og deildarfundi. Starfsmannafundir voru að jafnaði haldnir mánaðarlega nema yfir sumarmánuðina og þegar Covid19 setti strik í reikninginn. Það sama á við um leikskólastjórafundi sem verkefnisstjóri leikskóla á skólaskrifstofu hélt með leikskólastjórum en hún lét þó Covid19 ekki hindra sig heldur hélt hún vikulega Skype-fundi meðan takmarkanirnar vörðu. Sérkennslufulltrúi setti á reglulega fundi í leikskólanum til að fjalla um einstök börn. Sálfræðingur kom á fundi þegar eftir því var kallað til þess að veita ráðgjöf og eftirfylgd. Talmeinafærðingur kom að jafnaði 1x í viku og vann með börn sem glímuðu við málþroskafrávik. Ýmiskonar forstöðumannafundir voru líka á vegum Garðabæjar þar sem margskonar málefni voru tekin til umfjöllunar og samræmingaraðgerðir stjórnsýlunnar kynntar.

## Nýbreytni og þróunarverkefni

Þróunarverkefnið sem hrundið var úr vör haustið 2018 sem byggði á því markmiði að nýta mannað og sérhæfða fagbekkingu kennara í samþættu skapandi starfi og leik barnanna gekk framar okkar björtstu vonum. Börn, foreldrar og kennarar hafa öll lýst yfir ánægju sinni með verkefnið og staðfesta foreldraviðtölin, viðtölin við börnin og starfsmannaviðtölin og rýnihópsviðtöl þær niðurstöður.

Í byrjun ársins 2019 hrintum við úr vör nýbreytniverkefni sem fólst í því að elstu börnin urðu aðstoðarmenn kennara í matsal eina viku í senn. Hlutverk aðstoðarmanna var að aðstoða í matsal, leggja matinn og mataráhöldin á hlaðboð og styðja yngri börn þegar þau voru að fá sér að borða. Einnig fólst verkefnið í því að fara yfir matardiskinn með öllum börnum þar sem hann var greindur niður samkv. manneldismarkmiðum um að innhald hans skiptist 1/3 í grænmeti og/eða ávexti, 1/3 kolvetni og 1/3 í prótein. Markmiðið var enn fremur að miðla smá næringarfræði til barnanna. Síðast og ekki síst var hlutverk aðstoðarmanna að hreinsa til eftir borðhald. Föstudaginn áður en barninu var úthlutað hlutverkinu fékk það erindisbréf með sér heim þar sem hlutverkið var skilgreint. Verkefnið hlaut lof foreldra og töku börnin hlutverk sitt af mikilli alvöru. Þetta verkefni hélt áfram þetta skólaár en strax í febrúar var tekin ákvörðun samkvæmt fyrirmælum sóttvarnalæknis að börn í leikskólam kæmu ekki nálægt matarskömmtn og hefur þessum málum ekki verið hrint út vör enn sem komið er vegna aðstæðna.

Við gerðum átak í umhverfismálum og tókum alla flokkun til gagngerðra endurskoðunar og stefnum nú að því að gera leikskólan að Leikskóla á grænn grein. Nú erum við komin með lífræna tunnu sem allt lífrænt fer í og við hugum vel að matarsóun. Flokkun gengur vonum framar og allir orðnir meðvitaðir um mikilvægi flokkunar.



Leikþáttur um vináttu á leiklistardegi

## Mannauður leikskólans

Leikskólinn er ríkur af vel menntuðu og reynslumiklu fagfólki og uppfyllir ákvæði laga nr. 95/2019 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara. Í byrjun maí voru 20 starfsmenn starfandi við leikskólann í 15,85% stöðugildum. Í byrjun maí voru fjórir starfsmenn í rúmlega þremur stöðugildum í langvarandi veikindum. Í töflunni má sjá hvernig hlutverk, stöðugildin og menntun starfsmanna skiptist.



<i>Staða</i>	<i>Stöðugildi</i>	<i>Menntun</i>
Leikskólastjóri	100%	M-Ed í menntunarfræðum
Aðstoðarleikskólastjóri	25%	Ed í leikskólakennari
Sérkennslustjóri	75%	þroskaþjálfi
3x deildarstjórar	2,55	Ed í leikskólakennarar
5x leikskólakennarar	4,04%	Ed-í leikskólakennarar
1x þroskaþjálfi	75%	BA- þroskaþjálfi
1x þroskaþjálfi	80%	þroskaþjálfi
Listmeðferðafræðingur	70%	MA- listmeðferðafræði
Leikskólagleiðbeinandi B	84%	Viðskiptafræðingur
Leikskólagleiðbeinandi A	100%	BA-heilbrigði og heilsuuppeldi og BA í tómstunda og félagsmálafræði
3x leiðbeinandi	2,90%	Grunnskólapróf
Matráður	100%	Grunnskólapróf
Aðstoð í eldhúsi	56%	Grunnskólapróf
<b>Samtals stg.</b>	<b>15,85</b>	

## Starfsþróun kennara

Ábyrgðin á fræðslu til kennara var á höndum stjórnenda eftir því sem við átti hverju sinni og tók hún mið af áherslum skólastarfsins. Kennrarar voru hvattir til þess að sækja sér símenntun og nýta símenntunarsjóði sem þeir hafa aðgang að til þess að auka við þekkingu sína. Á síðasta starfsári urðu Kraganámskeiðin ekki eins mörg og árin á undan. Enginn kennari sótti námskeið á vegum Kragans en námskeið á vegum Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins voru sótt. Leikskólastjóri- og aðstoðarleikskólastjóri sóttu ráðstefnu á vegum FSL og Menntavísindasviðs HÍ um starfsþróun og starfsþroska í stjórnunarstörfum. Leikskólastjóri sat fjölbreytta fræðslufundi í DKG sem eru alþjóðleg samtök kvenna í menntastörfum. Kennrarar sóttu TRAS námskeið hjá Endurmenntun HÍ og stéttarfélög starfsmanna. Einn kennari sótti Bett ráðstefnu í upplýsingatækni í skólastarfi til Bretlands. Skólafulltrúi leikskóla Garðabæjar bauð leikskólastjórum upp á áhugaverð fræðsluerindi á leikskólastjórafundum og Garðabær bauð upp á metnaðarfullan Menntadag þar sem kennara gátu kynnt sér alla þá flóru í þróunar- og nýbreytniverkefnum sem skólarnir í Garðabæ eru að vinna að. Síðast og ekki síst bauð leikskólinn upp á sex fræðsluerindi á starfsmannafundum eða á skipulagsdegi. Hér á næstu síðu má sjá töflu yfir símenntu sem kennrarar sóttu á síðasta starfsári.

Heiti námskeiðs	Fjöldi og starfsheiti þeirra sem sóttu námskeiðin
Íhlutun barnaverndar ef upp kemur grunur um ofbeldi	Allir kennara (18)
Kynning á stoðþjónustu Garðabæjar	Allir kennrarar (18)
Menntadagur skólasamfélagsins í Garðabæ	Allir kennrarar (18)
Sorg og sorgarviðbrögð í Vídalínskirkju	Aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóra
Máltaka ungra barna/ kynning á niðurstöðu rannsóknar sem gerð var í leikskólanum Hæðarbóli	Allir kennrarar (18)
Kynning á öryggishringnum sem fjallar um tengslamyndun	Allir kennrarar (18) og foreldrar (15)
Núvitund	Allir kennrarar (18)
Vettvangsferð til þess að kynnast núvitund í leikskólastarfi	Allir kennrarar (18)
Ráðstefna á vegum HÍ og FSL	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri (2)
Tras á vegum EHÍ	Deildarstjóri og myndlistakennari (2)
Leikur og lítil börn – stærðfræði í leikskóla	Deildarstjóri
Ráðstefna um innleiðingu kennaramenntunar	Deildarstjóri
Ráðstefna í London / Bett upplýsingatækni	Leikskólakennari
Orðagull	Deildarstjóri
Krefjandi hegðun, ADHD, einkenni og úrræði	Þroskaþjálfi
Fræðslufundir á vegum DKG	Leikskólastjóri
Atferlismótunuarnámskeið á vegnum GRR	Sérkennslustjóri og þroskaþjálfi
Einstaklingsþálfunarnámskeið á vegum GRR	Sérkennslustjóri og þroskaþjálfi
Jákvæð sálfræði 15 eining nám við HÍ	Leikskólaleiðbeinandi B
Leikur og skapandi starf 10 einingar við HÍ	Leikskólaleiðbeinandi B

## Barnahópurinn

Í leikskólanum voru 53 börn á þremur deildum. Á Hofi voru 13 börn fædd árin 2017 og 2018. Á Hlíð og Holti voru 20 börn á hvorri deild fyrir sig sem fædd eru árin 2016, 2015 og 2014, þar af voru 29 drengir og 24 stúlkur. Að jafnaði voru útseldir dvalartímar 444 á dag eða tæplega 8,5 dvalarstundir pr. dag á hvert barn. Þrettán börn voru í elsta árgangi og níu í þeim næst elsta. Átján börn voru í miðárgangi, ellefu í næst yngsta árgangi og tvö í þeim yngsta, sjá töflu hér að neðan.

Árg.	Stúlkur	Drengir	Samtals
2014	7	6	13
1015	5	4	9
1016	10	8	18
1017	1	10	11
2018	1	1	2
	24	29	
Samtals börn		53	



## Sérkennsla/ stoðþjónusta

Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hver og eins barns svo það fái notið leikskóladvalar sinnar. Taka þarf sérstakt tillit til barns sem glímir við tilfinninga- og/eða félagslegra erfiðleika. Á síðasta starfsári fékk leikskólinn úthlutað tveimur og hálfu stöðugildi til þess að koma enn betur til móts við börn sem glíma við slíka erfiðleika. Foreldrar óskuðu eftir sértaðu úrræði með sérstakri beiðni fyrir börnin sín og sáu þroskaþjálfar og leikskólakennari um þjálfun barnanna undir leiðsögn sérkennslustjóra. Nokkur börn áttu við framburðarerfiðleika að etja og sá sérkennslustjóri að jafnaði um þjálfun þeirra. Túlkur var ávallt kallaður til þegar fundað var vegna tvítengdra barna. Sérkennslufulltrúi, sálfræðingur ásamt talmeinafræðingi, sérfræðingar frá Garðabæ, voru okkur einnig innan handar við skipulagningu þjálfunarinnar. Hér í töflunni má sjá yfirlit yfir börn sem nutu sérkennslu, samtals sautján börn.

Árgangur	Drengir	Stúlkur	Frávik í málþroska	Önnur sértað sérkennsla til viðbótar við málþroskaröskun
2014	5	2	8	1
2015	3	1	6	2
2016	3		3	

## Foreldrasamstarf

Uppeldi og kennsla í leikskóla á að vera í náinni samvinnu við foreldra en þeir bera þó frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinns. Hins vegar ber leikskólinn að veita foreldrum stuðning við uppeldið. Velferð barna er leiðarljós laga um leikskóla og með það í huga ber leikskólastjóra að stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólk leikskóla. Í foreldrasamstarfinu vegur dagleg samskipt þyngst. Allir viðburðir eru auglýstir sérstaklega á heimasíðu leikskólans, tilkynningar sendar í t-pósti og sem viðburð í dagatal foreldra. Þá fá foreldra að jafnaði vikulega pósta frá deildarstjórum um framvindu starfsins á deildinni. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann sem styður við leikskólastarfi með margbreytilegum hætti. Foreldraráð en einnig starfandi samkvæmt lögum en það hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í starfinu.

### Fyrsta viðtal

Allir nýjir foreldrar voru boðaðir í viðtal í maí þar sem þeim var kynntur leikskólinn, farið var yfir helstu áherslur í starfi hans, leikskólasamningur um vistun barnsins undirritaður, rætt um aðlögun og annað sem foreldrar óskuðu eftir að fá upplýsingar um. Þá voru nýjir foreldrar líka boðaðir í sérstakt upphafsviðtal við deildarstjóra þar sem starf deildarinnar og kennarar voru kynntir og farið yfir áherslur og spurningum svarað.

### Foreldraviðtöl

Boðið er upp á tvö formleg foreldraviðtöl, annað á haustönn og síðar á vorönn. Tilgangur viðtalanna er að ræða framvindu í þroska og líðan barns í leikskólanum og helstu stoðir í viðtolunum voru TRAS skráningar og sérstakur viðtalsrammi. Auk þessa hafa foreldrar og eða kennarar óskað eftir fundi ef ástæður hafa kallað á. Á rýnihópsfundum með stjórnendum kom fram ánægja með viðtölin og flest allir lýstu yfir ánægju sinni með skólastarfið. Foreldrum var úthlutaðir ákveðnir tíma og þáðu allir foreldrarnir að mæta eða 100% þeirra og í fleiri en færri tilfellum mættu báðir foreldrarnir í viðtölin.

## Kynningarfundir

Einn almennur kynningarfundur var í lok september og mættu liðlega 60% foreldra á fundinn. Eftir stutta kynningu á vetrarstarfinu var foreldrum boðið að taka þátt í hringekju þar sem allar vinnustundir, sem börnin þeirra fara í voru í boði. Þetta fyrirkomulag mæltist mjög vel fyrir og fengu við almennt lof fyrir kynninguna og margir höfðu orð á því að nú áttuðu þeir sig loks á hvað börnin þeirra eru að læra í leikskólanum og skildu hvað meint væri með *learning by doing* og hversu skilvirk slík námsleið væri.

## Foreldrakannanir

Engar foreldrakannanir voru gerðar á síðasta ári en starfsáætlunin gerði ráð fyrir því að rafrænar kannanir yrðu gerðar en vegna aðstæðna varð ekki úr því að kannanirnar yrðu sendar út. Foreldrafélag- og foreldraráð

Sömu foreldrar eru í foreldraráði og foreldrafélagi og funduðu þau eftir þörfum ýmist hér í leikskólanum eða utan hans auk tölvusamskipta. Foreldraráðið fundaði 2x fyrir áramót og 2x eftiráramót, ávalt í leikskólanum og sat leikskólastjóri fundi ráðsins. Sú nýbreytni var tekin upp að senda fulltrúum í foreldraráði alla fundagerðir stjórnendafunda svo þeir væru betur tengdir við innra starfið í ljósi þess hlutverks sem þeir gegna samkv. lögboðanum. Foreldrafélagið studdi eins og áður við skólastarfið á fjölbreyttan hátt. Að jafnaði er farið í sveitaferðina á vorin og danskennsla hefur líka verið hjá okkur á vormánuðum. Vegna Covid19 var ekki farið í sveitina og danskennslan féll niður. Hins vegar bauð félagið upp á jólaleikrit sem var að þessu sinni um tröllastelpuna hana Jóru litlu sem býr í fjöllunum. Félagið keypti líka jólagjafirnar sem jólasveinninn gaf börnunum og kostuðu hoppukastalana og íþróttadeginum okkar í júní.

## Viðburðir

Leikskólinn stóð fyrir fjölmögum menningarviðburðum og er það liður í því að viðhalda menningarfinum eins og að standa fyrir Þorrablóti, Öskudagsgleði, jólahefðum o.s.frv. Við leggjum okkur fram að víkka reynsluheim barnanna og liður í því er að skilja eftir góðar minningar um leikskólann sinn, þar með þátttöku í margskonar upplifunum. Því fóru elstu börnin á fleiri viðburði en þau yngri. Að jafnaði tóku öll börn þátt í viðburðum sem haldnir voru í leikskólanum að undanskildu fræðslu í eldvörnum á haustönn og umferðafræðslunni á vorönn. Kórinn söng fyrir

gesti sveitarfélagsins í Sveinatungu þegar fræðslusvið var með kynningu fyrir kennaranema auk þess söng kórinn þegar kveikt var á jólatrénu á Garðatorgi. Covid19 hafði áhrif á ferðalög okkar en þau verða farin síðar. Í töflunni hér á næstu síðu má sjá yfirlit yfir viðburði sem börnin tóku þátt í á einn eða annan hátt og/eða haldið var upp á í leikskólanum.



Þorrablót 2020

Viðburður	Dagsetn.
Bleikur föstudagur / allir mættu í einhverju bleiku í skólann til stuðnings konum sem hafa greinst krabbamein	11. okt
Gaman saman í íþróttahúsini í Sjálandsskóla í tengslum við forvarnarviku með foreldrum	12.okt
Vinátta í sal í tengslum við forvarnarviku. Farið var yfir gildi vináttunnar með öllum börnum og leikþættir settir upp í tengslum við vináttuverkefni Barnaheilla	15.okt
Samstöðuganga í tengslu við forvarnarviku. Börn og kennara gengu saman um næsta nágrenni með meðmælaspjöld sem þau höfðu búið til	15.okt
Þjóðleikhúsið. Elstu börnin sáu leikritið Ómar orðabelg sem leitar uppruna orðanna	23.okt
Hrekkjavaka. Sett var upp hrekkjavöku stemning í húsinu sem og í matinn við mikla hrifningu barnanna	30.okt
Baráttudagur gegn einelti. Fjallað var um vináttu og Blær var í aðalhlutverkinu að ræða um mikilvægi þess að allir séu vinir allstaðar og hvað stríðni, uppnefni og síkt getur hafið í för mér.	8.nov
Dagur mannréttinda – rödd barnsin hljómar. Börnin fengu að velja sér viðfangsefni óháð deildum	20. nov
Heimsókn á aðventu í Vídalínskirkju	4.des
Trúðasýning í FG – trúðar að segja frá jólunum	11.des
Jólaleikritið um Jónu tröllastelpu sem býr í fjöllunum og einn daginn stelur hún jólakíkinum hans Skrepps sem er besti aðstoðarmaður jólaveinanna. Leikritið var í boði foreldrafélagsins	16. des
Sívertsenhús í Hafnarfirði heimsótt en þar upplifa börnin hvernig fjölskyldur héldu jólin í gamaldaga	17.des
Helgileikur. Hinn árlegi helgileikur þar sem elstu börnin eru í aðalhlutverki. Foreldrar elstu barnanna er boðið á leiksýninguna	18.des
Jólaball. Jólaveinninn kemur í heimsókn og gefur gjafir sem foreldrafelagið kostar. Jólastemning er í leikskólanum allan daginn, hátíðarmatur er snæddur og allir skarta sínu besta.	19.des
Þorrablót er ein af hefðunum í leikskólanum og þá er borrið blótaður af gömlum sið og snæddur borramatur og sungið er undir borðum. Á þessum degi var líka slegið upp dansleik í sal	24.jan
Pabba- og afakaffi. Börnin bjóða þöbbum og öfum að koma í leikskólann og snæða morgunmat og þorrasmakk. Börnin sýna þeim leikskólann sinn og eru þetta hinár dýrmætustu stundir. Stundum mæta margir með hverju barni.	31.jan
Dagur leikskólans/ ljósaganga. Það hefur ríkt sú hefð að fara í ljósagöngu um næsta nágrenni á þessum degi og er foreldrum boðið í gönguna. Allir skarta vasaljósi. Í lok göngunnar er boðið upp á kleinur og heitt kakó.	6. feb
Dagur stærðfræðinnar. Stærðfræðistöðvar voru settar upp um allan leikskólann og gátu börnin farið milli deilda og glímt við margskonar stærðfræðiþrautir	7.feb
Barnakórinn í Sveinatungu. Börnin sungu fyrir nema á síðasta ári í kennara- og tómstunda og félagsmálafræði og aðra gesti Garðabæjar	13.feb
Bolludagur. Hefðbundinn dagur en börnin voru hvött til þess að reyna að næla sér í auka bollu með því að slá í rass einhvers með bolluvöndunum sem þau höfðu gert dagana á undan í leikskólanum	24.feb
Sprengidagur/ listadagur. Allar deildir settu upp leikrit sem þau sýndu í sal	25.feb
Öskudagur/ kötturinn sleginn úr tunnninni. Mikil spenna ríkti þennan dag þegar þau slógu köttinn úr tunnunni og í framahaldi var farið í margskonar þrautaleiki	26. feb
Mömmu-og ömmukaffi. Á Góunni er mömmum og ömmum boðið að snæða morgunmat með börnunum og þau sýna þeim leikskólann sinn. Oft mæta margir með hverju barni og eru þetta hinár dýrmætustu stundir	28.feb
Mottumars. Til stuðnings átaksverkefni Krabbameinsfélagsins gegn baráttunni gegn krabbamein í körlum en hvatt var til þess að börn og starfsfólk mættu í röndóttum sokkum til þess að sýna baráttunni stuðning	13.mars

Hjóladagur. Árlega er hjóladagur í leikskólanum en þá koma börnin með hjólin sín í leikskólann. Eldri börnin hjóla um næsta nágrenni en yngri börnin hjóla á bílaplaninu sem er þá lokað og á stígunum í næsta nágrenni.	15 maí
Árbæjarsafn. Elstu börnin sóttu safnið heim og fengu meðal annars að skoða sýninguna <i>Komdu að leika</i> en sýningin fjallar um leiki og leikföng barna á 20.öldinni.	3.júní
Náttúrufræðistofa. Næst elsti árgangur sótti safnið heim, fengu leiðsögn um safnið og fengu fræðslu um margskonar fugla og villt dýr í íslenskir náttúru.	3.júní
Umferðafræðsla fyrir elstu börnin var í umsjón kennara leikskólans að þessu sinni vegna Covid19. Samgöngustofa sendi okkur kennsluefnið sem tók mið af öryggi barna í umferðinni þegar þau byrja í grunnskóla	4.júní
Útskrift elsu barnanna.	18.júní
Útskriftaferðarferð í Viðey	19.jún
Foreldrakaffi á Hofi var í síðustu viku hvers mánaðar ef enginn annar viðburður var skráður í mánuðinum en tilgangurinn var að mynda tengsl milli forelda yngstu barnanna	

## Öryggismál

Slys gera ekki boð á undan sér. Tvö börn þurftu að heimsækja Slysavarðstofuna. Í öðru tilfellið var um beinbrot að ræða en minniháttar meiðslí í því síðari. Engin slys urðu á kennurum eða öðru starfsfólki en þó þurfti einn kennari að fara í sjúkrabíl þegar hann læstist í baki á dansleik með börnunum.

Eldvarnareftirlit er í leikskólanum en mánaðarlega fara börnin ásamt kennara yfir öll öryggisatriðið er varðar eldvarnaröryggi. Mánaðarleg skýrsla þar um er send á forstöðumann fasteigna þar sem gerð er grein fyrir stöðu mála, hvað er gott eða hvað má betur fara.

Slökkviliðið kom ekki í sína árlegu heimsókn eins og áður var vegna Covid19. Hins vegar sá einn leikskólakennari um fræðsluna fyrir börnin og fór yfir efnistök fyrir hönd slökkviliðsins sem áður hafði sent námskeiðið svo kennrarar gætu staðið fyrir fræðslunni.

Klemmuvarnir eru í góðu lagi og viðbrögð eru snör af hendi fasteiganfélagsins ef þær gefa sig.

Garðurinn. Eftirlit með garði er í góðum höndum Þóris Sigursteinssonar sem kemur reglulega í heimsókn, fer hann yfir garðinn og fylgist með því að alls öryggis sé gætt. Hins vegar þarf að fjölga krefjandi leiktækjum í garðinn fyrir allan aldur leikskólans. Menntamálastofnun gerði athugasemdir við garðinn í útttekt sinni vegna þess og lofar Garðabær endurmótum á núverandi almannaksári.

## Húsnaðið

Húsnaðið leikskólans Hæðarbóls er komið til ára sinna og kallar á endurnýjun og viðbyggingu til að koma því í nútímalegra horf. Starfsaðstæður er bágbornar og voru þær helstu hindranirnar í starfsháttunum sem Menntamálastofnun gerði athugasemdir við þegar úttektin átti sér stað. Garðabær hefur lofað að hrinda úr vör umbótum á þessu almannaksári. Húsvörðurinn sem þjónustaði okkur í samstarfi við Hofstaðaskóla hætti vegna aldurs og síðan hefur allt minniháttar viðhald verið í umsjón eins kennara leikskólans.

### Viðhald sem óskað var eftir og viðhald sem er á döfunni

Varðandi þennan lið þá er vísað til tilmæla Menntamálastofnunar um umbætur og gerum við þær að okkar en þar ber hæst; barnasalerni á allar deildir, skerma öll barnasalerni, endurhanna skiptiaðstöðu á öllum deildum, koma fyrir aðstöðu til þess að þurrka útifatnað barnanna, bæta vinnuaðstöðu kennara, auka salerni fyrir kennara, fjölga krefjandi leiktækjum fyrir allan aldur í garðinum, drena lóð til að koma í veg fyrir vatnssöfnun og drullusvað í votviðri og útbúa þvottarhús.

Samkvæmt áætlun á að fara af stað í hönnunarvinnu á þessu ári og hrinda einhverjum framkvæmdum úr vör en ljúka framkvæmdaráætlun árið 2021.




Útikennsla



Drullumall í sandkassanum



Næsta nágrenni hreinsað



Náttúrugripasafn í júní

## Lokaorð

Sú sem ritar þessa skýrslu gerir það með trega þar sem þetta er í síðasta skipti sem hún skrifar ársskýrslu Hæðarbóls. Þegar ég lagði í þessa vegferð að taka að mér forystu leikskólans fyrir fimm árum var leikskólinn ríkur af fagfólk og er það enn. Það hefur ríkt stöðugleiki í starfsmannahópnum og hefur starfsandinn einkennst af virðingu, gleði, friðsemd og kærleika þessi ár. Við eru stolt af leikskólanum okkar og því faglega starfi sem þar fer fram og erum upp með okkur af niðurstöðum ytri úttektar Menntamálastofnunar.

Foreldrahópurinn hefur verið einstakur og samstarf við foreldraráðin síðust ár sem og foreldra í foreldrafélaginu, bæði nú og þegar ég byrjað hér í leikskólanum, hefur verið ánægjulegt og gefandi og í raun forréttindi að fá að starfa með svona styðjandi foreldrahópi eins og foreldra á Hæðarból eru. Þeim vil ég þakka sérstaklega samfylgdina.

Það hefur verið forréttindi fyrir mig að fá að upplifa þá miklu fagmennsku sem ríkir í mannaði leikskólans og eru ég fólkini mínu endalaust þakklát fyrir samferðina og þakka ég því framlag til uppeldis- og menntastarfsins.

Ég vil nota tækifærið til þess að þakka allri stoðþjónustu Garðabæjar gott og farsælt samstarf, sérstaklega leikskólafulltrúa, mannaðsstjóra og starfsfólk mannaðsdeildar. Þá þakka ég líka leikskólanefnd fyrir að hafa haft trú á þróunarverkefnunum sem við höfum unnið að frá því hóf störf á Hæðarbóli. Öðru samstarfsfólk utan leikskólans, sem hafa haft með málefni leikskólans að gera, þakka ég ánægjulega samfylgd.

Garðabær í júní 2020

Sigurborg Kristjánsdóttir  
Leikskólastjóri Hæðarbóls



## Umsögn foreldraráðs leískólans Hæðarbóla um ársskýrslu leískólans Hæðarbóls vegna leískólaársins 2019 til 2020

Í lögum um leískóla nr. 90 frá 2008 kemur fram í 11. gr. að hlutverk foreldraráðs sé að gefa umsagnir til leískóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrár og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leískólans.

Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlanana innan leískólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leískólastarfi.

Foreldraráð Hæðarbóls er sammála um að þær breytingar sem gerðar voru með blöndun deilda hafi tekist vel til, vonum framar. Þannig nýtist mannaúður enn betur en áður og ríkir almenn ánægja meðal barna, foreldra og starfsfólks með nýtt fyrirkomulag. Fagmennska starfsfólk á Hæðarbóli er í fyrirrúmi og sannaðist það vel þegar COVID gekk yfir á vormánuðum, en með mikilli útsjónarsemi, endalausu púslí, óeigingjarnri vinnu var boltanum haldið á lofti og skólaþíð látið ganga eins og hægt var.

Eins og komið hefur fram bæði meðal foreldra, starfsfólks og ekki síst í úttektaskýrslu Menntmálastofnunar að aðstaða bæði innan dyra og utan er mjög ábótavant og horfum við björtum augum fram á við vegna þeirra endurbóta sem til standa í húsnæði, aðstöðu, auknu rými og auk betrumbótum á garði skólans.

Um leið og við kveðjum skólastjórann með söknuði þökkum við honum fyrir vel unnin störf og uppyggilega fundi í gegnum árin.

Foreldraráð leískólans Hæðarbóls staðfestir með undirskrift sinni hér neðar að það hefur farið yfir ársskýrslu leískólans Hæðarbóls vegna leískólaársins 2019 -2020 í samræmi við lög um leískóla frá 2008 (14.grein).

Garðabær í júní 2020

IS.6.20 Gmjalager

Foreldraráð leískólans á Hæðarbóli

'Astu þorgilsdóttir, formáttur

Sofia Þuríður Kristjánsdóttir

'Hildur Valþorsdóttir.

